

- b. Við 3. tölul. 1. mgr. bætist: enda hafi þeir sambærilegan aðgang að skipulegum verðbréfamarkaði í heimaríki sínu.
- c. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:
Stjórn Verðbréfafings setur nánari reglur um aðild að Verðbréfafingi Íslands.

5. gr.

Við 9. gr. laganna bætist nýr töluliður, 1. tölul., svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því: að uppfylla kröfur um eigið fé sem gerðar eru til hlutaðeigandi lögum samkvæmt.

6. gr.

Í stað orðanna „viðskipta- og upplýsingakerfi“ í 13. gr. laganna kemur: viðskipta-, uppgjors- og upplýsingakerfi.

7. gr.

5. mgr. 17. gr. laganna hljóðar svo:

Birta skal endurskoðaðan ársreikning í B-deild Stjórnartíðinda.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Viðskiptaráðherra skal eftir gildistöku laga þessara skipa nefnd sem vinni að heildarendurskoðun laga um Verðbréfafing Íslands með það að meginmarkmiði að afnema einkarétt þess á verðbréfaþingsstarfsemi eigi síðar en í árslok 1997.

Gjört í Reykjavík, 28. mars 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

2. apríl 1996

Nr. 23

LÖG

**um breytingu á lögum um landflutningasjóð,
nr. 62/1979, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk landflutningasjóðs er að stuðla að uppbyggingu og framþróun í vöruflutningum á landi. Í þeim tilgangi skulu veittir styrkir til verkefna sem lúta að fræðslu um flutningastarfsemi, svo sem rekstur flutningafyrirtækja, vörumeðferð, neytendavernd og markaðsmál.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. 2. og 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn, þar af einn eftir tilnefningu Landvara, félags íslenskra vöruflytjenda. Formaður sjóðstjórnar skal vera annar þeirra sem skipaður er án tilnefningar.
- b. 2. mgr. fellur brott.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Stjórn landflutningasjóðs tekur ákvörðun um hvernig hagað skuli vörslu og umsjón sjóðsins. Endurskoðun ársreikninga landflutningasjóðs annast Ríkisendurskoðun.

4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Rétt til styrkja úr sjóðnum eiga þeir einir sem eru fullgildir félagar í Landvara, félagi íslenskra vöruflytjenda, samtök þeirra eða verkefni á þeirra vegum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1996. Öllum eignum landflutningasjóðs skal ráðstafa í samræmi við tilgang hans innan átta ára frá gildistöku laga þessara. Lög um landflutningasjóð falla úr gildi 1. júní 2004.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá 1. júní 1996 fellur úr gildi skipunartími núverandi stjórnar landflutningasjóðs og skal ný stjórn skipuð frá sama tíma.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.